

Borgarstjórn
3. október 2017

Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um úttekt á kostnaði og aðgerðum vegna veikinda starfsmanna Reykjavíkurborgar

Í upphafi kjörtímabils kom í ljós að ekki hafði verið áætlað fyrir miklum veikindakostnaði hjá Reykjavíkurborg og samþykkt var að fara í aðgerðir til að bregðast við. Borgarstjórn samþykkir að teknar verði saman upplýsingar um hvernig brugðist hefur verið við veikindum starfsmanna hjá Reykjavíkurborg. Einnig verði tekinn saman kostnaður vegna þeirra.